




Every Road Travel

Skógræktar- og menningarferð til Marokkó

02. október – 13. október 2020



Dagskrá ferðar

Dagur 1. Föstudagurinn 2. október Flug til Marokkó

Flug Keflavík – París CDG (FI 542 07:40 – 13:05)

Flug París CDG – Rabat (AF 1458 15:20 – 17:15)



Við lendum í Rabat, höfuðborg Marokkó, og á leið á hótelið okkar tökum við smá krók í gegnum gömlu borgina og stoppum í Kasbah des Oudayas, sem er merkilegur staður fyrir okkur Íslendinga. Mörg þeirra sem var rænt heima í Tyrkjaráninu svokallaða árið 1627 komu í land í hafnarborginni Salé við Bou Regreg, sem var höfuðból sjóræningja sem herjuðu við Atlantshafið, en voru fangelsaðir

(sumir ævilangt) eða bundnir í ánauð í Kasbah des Oudayas, hinum megin við ána. Rabat er ekki stór borg, róleg, nútímaleg að öðru leyti en medina (gamla borgin) með sitt souk, og Kasbah des Oudayas. Þar er einnig Tour Hassan frá 13. öld, sem átti að tilheyra mosku sem var aldrei kláruð. Hún er byggð eftir sama mynstri og Giralda í Sevilla og Koutoubia í Marrakech.

Kvöldverður og gisting: **Hótel ONOMO Terminus.**



Dagur 2. Laugardagur 3. október Rabat – Ifrane



Viðburðaríkur dagur og margt að sjá og upplifa. Ekið er frá Rabat til Ifrane, um það bil 3 tíma akstur, þar sem farið er um landbúnaðarhéruð og skógivaxnar hæðir. Áður en komið er til Ifrane í Moyen Atlas (Mið-Atlas fjallgarðinum) förum við fram hjá Meknès, einni af keisaraborgunum svokölluðu, ásamt Rabat, Marrakech og Fès (aðeins norðar). Meknès og héraðið í kring er hjarta víngerðar í Marokkó, sem er blómstrandi, en Rómverjar hófu hana fyrstir manna á þessum slóðum. Þaðan er farið upp í fjallgarðinn en Ifrane liggur í 1.650 m hæð, borg sem Frakkar stofnuðu árið 1928 til að geta flúið sumarhitann í umhverfi sem var kunnuglegt. Héraðið í kringum Ifrane hefur verið byggt frá fornöld, nafnið þýðir „hellir“ eins og landslagið ber vitni. Þar er þjóðgarður tileinkaður sedruskóginum, hvar er að finna magot-apa sem eiga þar heima. Þar er einnig að finna merkilegan nýlegan háskóla og mest sótta skíðasvæði landsins. Skógræktar- og þjóðgarðaaðilar taka á móti okkur eftir hádegi og útskýra hver verkefnin eru sem blasa við og hættur sem ógna þessum einstöku skógum.

Hádegisverður við komuna til Ifrane ekki innifalinn.

Kvöldverður og gisting: **Hótel Ifrane Palace.**

Dagur 3. Sunnudagur 4. október

Ifrane – Erfoud



Framundan er nokkuð löng keyrsla í einstöku landslagi en við munum stoppa reglulega á leiðinni (ca. 6 tímar, á þessari leið má æfa söngraddirnar). Keyrt er frá Mið-Atlas fjallgarðinum yfir í hrikalegt landslag sem einkennir Há-Atlas fjallgarðinn, þar sem litlu borgirnar eru aðallega markaðsstaðir (souk). Smám saman verða byggingarnar eingöngu úr „pisé“ (leir og stráum) eða steinum. Gróður breytist frá sedrus-trjám í eikartegundir og pálmatré í vinjum. Keyrt er í gegnum Ziz dalinn – þar er að finna stöðuvatn, þar er gróður, pálmatré, möndlutré, fíkjutré, lárviður og margt fleira. Í háskólaborginni El Rachida, stutt frá áfangastaðnum okkar í Erfoud, er stórt lón sem hefur verið byggt til að veita vatni til suðurhluta landsins því nú er eyðimörkin handan við hornið. Á þessum slóðum geta einnig brostið á óveður sem hafa þegar verst lætur orsakað flóð og manntjón.

Hádegismatur á leiðinni ekki innifalinn.

Kvöldverður og gisting: **Hôtel Riad Erfoud.**

Dagur 4. Mánudagur 5. október

Erfoud og nágrenni

Erfoud er mjög lifandi borg þar sem hirðingjar sem eru í eyðimörkinni á veturna og fjöllunum á sumrin koma til að selja afurðir sínar og birgja sig upp fyrir næstu vikur. Þar í soukinu eru dödlur mikilvæg söluværa en auk þess fjölbreytni af allskonar varningi. Við fáum tækifæri til að skoða pálmalund og fræðast um þessa viðkvæmu grein landbúnaðarins sem dödlupálmærækt er. Á þessu svæði öllu er líka að finna heilu námurnar af steingervingum, sem standa til boða (má endilega prúttu!) en eru einnig notaðir sem skraut með steininum, til dæmis fyrir baðherbergin.



Boðið verður upp á möguleika á að fara til Merzouga (ca. 1 tíma frá Erfoud) í úlfaldareið í sandöldum og kvöldverð (greiðist aukalega). Annars er frjáls tími.

Hádegisverður ekki innifalinn.

Kvöldverður og gisting: **Hôtel Riad Erfoud.**

Dagur 5. Þriðjudagur 6. október

Erfoud – Dadès dalurinn – Ouarzazate

Leiðin frá Erfoud til Ouarzazate fer bæði um jaðar eyðimerkurinnar og um gróðursæla dali þar sem pálmalundir þrífast með besta móti. Þar rækta íbúar sínar litlu ekrur undir skjóli frá pálmatrjánum; bygg, hafrar, alfa, henna, maís, grænmeti og ávaxta- og hnetutré mynda grænt belti um Dadès dalinn – sem er þekktastur fyrir rósarækt og rósahátíð í maí, og er dalurinn einnig kallaður Kasbah dalur. Víðar eru þessar byggingar úr „pisé“ (leir og stráum) þar sem heilu ættirnar dvelja, og enda svo með því að grotna og hrynja og vera aftur að ryki og leir því erfitt er að halda þeim við.



Landslagið breytist og fær nýjan blæ, bergið er eldra og mýkra og með tímans tönn hafa myndast hér einstakar bergmyndanir. Ekið verður um pálmalundi og stoppað víða. Ouarzazate tekur svo á móti okkur þar sem leiðir frá austur til vesturs og suður til norður mætast.

Hádegisverður ekki innifalinn.

Kvöldverður og gisting í Ouarzazate.

Dagur 6. Miðvikudagur 7. október - Ouarzazate – Ait Benhaddou



Ouarzazate var lengi áningarstaður úlfaldalesta á leiðinni frá Sahara (Timbuktu m.a.) til Marrakech – sérstaklega í Ait Benhaddou (10 km frá borginni), ksar eða þorp á hæð og við á af saltvatni (bergsaltnámur voru ofar í dalnum) þar sem lestirnar áðu til að selja varning sem þær voru með, hvort sem það var gull, silfur eða þrælar. Gyðingar sáu töluvert um verslunina og komu vörum áleiðis norður. Sjálfa borgina í Ouarzazate, eins og hún er í dag, stofnuðu Frakkar í byrjun 20. aldar, mikilvæg hernaðarlega til að ná völdum yfir suður Marokkó. Í dag er hún

höfuðborg kvikmyndaiðnaðarins og eru þar stóru stúdíóin og kvikmyndaver eins og Universal. Margar frægar myndir hafa verið gerðar þar, eins og Gladiator og Prince of Persia. Gengið upp í ksar Ait Benhaddou, sem er skráð á Heimsminjaskrá UNESCO.

Hádegisverður ekki innifalinn.

Kvöldverður og gisting: **Hótel Ouarzazate.**

Dagur 7. Fimmtudagur 8. október Ouarzazate – Marrakech

+



Leiðin frá Ouarzazate liggur einu sinni enn yfir Há-Atlas fjallgarðinn, líklega þar sem hann er fallegastur. Vegurinn liggur um skarðið Tizi N'Tichka í 2.260 m hæð, og fer um furuskóga (Aleppo fura) svo og þrönga gróðursæla dali þar sem sjálfsþurftabúskapur ríkir með kastaníutré, eplatré, fíkjutré og fleiri, því gnægð er af vatni. Mikið er um litadýrð í jarðveginum og víða eru geitur og kindur. En vegavinna er enn um þennan hrikalega veg, sem Frakkarnir byggðu um skarðið 1932, og því getur leiðin verið seinfarin enda

beygjurnar ótal margar.

Kynningarferð um borgina við komuna.

Möguleiki á að fara í „Hammam“ (hefðbundin böð með nuddi), sérpanta og greiðist sér.

Hádegis- og kvöldverður ekki innifalið.

Gisting: **Mogador Palace Agdal.**

Dagur 8. Föstudagur 9. október

Marrakech, rauða borgin

Skógrækt hefur fengið forgang í Marokkó á síðari árum, bæði með aðstoð Evrópusambandsins í sameiginlegum verkefnum sem ESB hefur að hluta fjármagnað, en einnig með einkafrumkvæði þar sem samvinnufélög spila stærsta hlutverkið. Við kynnumst þessum aðkallandi verkefnum, meðal annars hittum við prófessor Zoubida Charrouf, frá háskólanum í Rabat, sem leiðir nokkur slík viðfangsefni m.a. um skógrækt í gegnum félög sem hún stofnar til að fá heimamenn til að planta nytjaskógi eða ræktun á ávaxtatrjám. Hún er frumkvöðullinn á bakvið endurvakningu á argan-trjárækt og framleiðslu á argan olíu en hún er einnig formaður Slow Food samtakanna fyrir Marokkó.

Marrakech sefur aldrei, þannig að mælt er með að njóta borgarinnar eftir að komið verður aftur á hótelið – borða á Djema El Fnaa torginu og drekka í sig stemmningu sem er einstök upplifun. Soukið lokar ekki fyrr en um kl. 22.

Hádegis- og

kvöldverður ekki innifalið.

Gisting: **Mogador Palace Agdal.**



Dagur 9. Laugardagur 10. október

Marrakech – Essaouira



Ekki má fara frá Marrakech án þess að hafa villst í soukinu og morguninn mun fara í að finna leiðina út! Frjáls tími fram að brottför til Essaouira um miðjan dag eftir hádegisverðinn. Essaouira er sjarmerandi hafnarborg sem hét lengst af Mogador. Portúgalar byggðu hana á leið þeirra í leit að Austur-Indíu, hvíta borgin þar sem hafgolan blæs alltaf, bláu fiskibátarnir, hvíta sandströndin, þröngu göturnar í medina... Hún hefur heillað marga og heldur á hverju ári hátíð „gnawa“ tónlistar sem þrælur frá löndum handan Sahara fluttu með sér – og sem Jimi Hendrix féll svo fyrir að hann settist að í Essaouira. Frjáls tími við komuna.

Hádegisverður og kvöldverður ekki innifalinn.
Gisting: **Hôtel des Îles.**

Dagur 10. Sunnudagur 11. október Essaouira



Um morguninn skoðum við borgina, frá höfninni í Scala virkið, þræðum þröngu göturnar, fáum okkur kaffi á Mandala í aðalgötunni sem íslensk stúlka rekur og gefum okkur góðan tíma til að staldra við og skoða silfursmiði og thuya-handverk. Eftir hádegi heimsækjum við sérvalið kvennasamvinnufélag sem vinnur argan olíu og við fáum að vita allt um þýðingu sem þetta sérstaka tré hefur fyrir suðurhluta landsins, og ef við erum heppin komum við auga á geiturnar sem svo gjarnan klifra upp í trén í leit að safaríkum laufum.

Hádegisverður og kvöldverður ekki innifalinn.
Gisting **Hôtel des Îles.**

Dagur 11. Mánudagur 12. október Essaouira – Marrakech

Keyrt frá Essaouira til Marrakech. Síðasti dagur í Marokkó er að mestu frjáls í Marrakech til að slaka á eða skoða það sem hafði farið fram hjá manni eða það sem mann langar að sjá aftur, eða til að kaupa síðasta teppið. Eða fara í hammam (panta sérstaklega - greiðist sér).

Hádegisverður ekki innifalinn.
Lokakvöld og sýning ásamt kvöldverði innifalið í Dar Soukkar, gisting: **Mogador Palace Agdal.**

Dagur 12. Þriðjudagur 13. október

Flug heim

Brottför frá hótelinu kl. 04:00.

Flug Marrakech – París CDG (AF 9407 06:20 – 10:40)
Flug París CDG – Keflavík (FI 545 14:10 - 15:35)

Almennar upplýsingar:

Verð og greiðslufyrirkomulag:

365.000 kr. á mann í tvíþýli. 90.000 kr. aukagjald fyrir einþýli.

Staðfestingargjald er kr. 80.000 á mann sem greiðist fyrir 3. mars 2020. Staðfestingargjald fæst ekki greitt til baka nema ½ ef hætt er við ferð.

Önnur greiðsla er 30. apríl 2020, kr. 70.000 á mann. Lokagreiðsla er 17. ágúst 2020, kr. 215.000 á mann.

Banki: 0301-26-010154

Kennitala: 420217-1880

Vinsamlegast sendið greiðslustaðfestingu á info@ert.is

Nánari upplýsingar vegna greiðslu: Elíza Guðmundsdóttir s. 897-0823

Ef fólk greiðir með korti þá hækkar verð um 3%. Mismunur er greiðsla sem fer til kreditkortafyrirtækis.

Flugmiðar og annað tengt ferðinni er greitt bæði með Visa og Mastercard ERT ferðaskrifstofunnar. Ef ferð er staðgreidd er eftir sem áður hægt að gefa upp gerð korts (Visa/Mastercard) til að fá tryggingar tengdar kortinu, eins og ef greitt hefði verið með eigin korti. Tryggingar hvers og eins gilda á því korti sem viðkomandi er með.

Fararstjórar: Dominique Plédel Jónsson, s. sími +354-8984085

Dominique kynntist Marokkó fyrst 1984 þegar hún dvaldi ásamt börnum sínum hjá vinafólki í Rabat og ferðaðist þá víða um landið. Hún er menntaður leiðsögumaður á Íslandi og hefur einnig leiðsagt hópum Íslendinga í Marokkó síðan 2009, oft tvisvar á ári. Hún er fædd í Frakklandi en hefur búið á Íslandi síðan 1970.

Til liðs við hópinn fáum við einnig innfæddan fararstjóra, **Ahmed**, en þau Dominique hafa unnið saman sem fararstjórar fyrir íslenska hópa síðan 2014. Ahmed er menntaður leiðsögumaður og er með BA próf í ensku. Hann kemur frá litlu þorpi í námunda við Tineghir í Dadès dalnum. Í dag hefur hann umsjón með öllum leiðsögumönnum sem starfa fyrir ferðaskrifstofuna sem sér um okkur. Hann er þriggja barna faðir og býr núna í Marrakech.

Hópstjóri: Brynjólfur Jónsson, s. +354 820 2113.

Er menntaður skógræðingur og leiðsögumaður og hefur staðið að mörgum fræðsluferða Skógræktarfélags Íslands allt frá árinu 1992.

Innifalið

- ✓ Flug
- ✓ Ein ferðataska 23 kg og ein taska í handfarangri 10 kg (42x32x25cm)
- ✓ Flugvallarskattar
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu
- ✓ Íslensk og erlend fararstjórn
- ✓ 7 Kvöldverðir
- ✓ Morgunverðir innifaldir
- ✓ Þjóf fé

Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og moskur
- ✓ Hádegisverðir

----- Í STUTTU MÁLI – GÓÐ RÁÐ -----

- Klæðnaður – almennt bara þægilegur ferðaklæðnaður. Athugið þó að á trúarlegum stöðum skal vera í fatnaði sem nær niður fyrir hné og hylur axlir.
 - Hafa með sér flíspeysu – til að hafa á kvöldin.
 - Góða íþróttaskó eða sandala, höfuðfat (derhúfa eða annað) og þunna sokka til að ganga í brennandi heitum sandi!
 - Hafa skal samband við fararstjóra ef á lækni þarf að halda en ágætis lækniþjónusta er mjög víða. Við minnum farþega á að hafa með sér nægilegt magn af nauðsynlegum lyfjum og geyma í handfarangri - einnig maga og verkjalyf eða annað sem viðkomandi þarf hugsanlega á að halda.
 - Varist klaka í drykkjum og sleppa ávaxtasafa blönduðum með vatni á morgunverðaborði (hreinn og nýpressaður appelsínusafi er í lagi). Athuga að innsigli sé heilt á vatnsflöskunni.
 - Gott er að taka með sér Imodium – sem hjálpar við magakveisu (stoppar niðurgang) og fæst án lyfseðils. Kúmen (1-2 msk. í vatnsglasi) að hætti heimamanna gerir kraftaverk við léttvægan niðurgang („túrista“).
- Ef ber á alvarlegri magakveisu (þrálátur niðurgangur, uppköst, sérstaklega hiti) hafa þá strax samband við fararstjóra sem er með fyrstu hjálpar lyf og kallar á lækni ef þarf. Ekki nota sýklalyf nema að ráði lækna.
- Það er mælt með því að fólk skipti gjaldeyri á flugvellinum. Takið evrur með að heiman og skiptið í Dirham á flugvellinum, geymið kvittunina til að skipta aftur í evrur við brottför (1 € = 11 Dirham). Munið að gott er að hafa Dirham smámynt með sér á ferðalaginu (marokkanski fararstjórinn kemur með smámynt fyrsta daginn og skiptir). Það er nefnilega svo að stundum viljið þið láta nokkrar Dirham af hendi rakna til heimamanna eða að þið gætuð þurft að greiða smá fyrir að taka myndir eða fara á (hreint og vaktað) salerni – og þá er gott að hafa smámynt við hendina.
 - **ÞAÐ ER BANNAÐ AÐ TAKA MYNDIR AF LÖGREGLUNNI.** Gott að vita það.

Almennar og hagnýttar upplýsingar

Marokkó, sem er í Norður-Afríku, er 446.550 km² að stærð og samkvæmt manntali frá 2019 eru íbúar um 37 milljónir. Marokkó er gædd bæði afrískum og evrópskum áhrifum enda er sunðið á milli Spánar og nyrsta hluta Marokkó ekki nema um 10 km. Höfuðborg landsins heitir Rabat. Arabíska er hið opinbera mál innfæddra og berbíska hefur loks verið viðurkennd 2017 en nær allir tala frönsku og flest allir, sér í lagi í þjónustustörfum, tala góða ensku. Öll upplýsingaskilti eru t.a.m. bæði á arabísku og frönsku. Það er sami tími í Marokkó og á Íslandi nema í ramadan mánuðinum (breytilegar dagsetningar).

Vegabréf

Nauðsynlegt er að hafa gilt vegabréf í ferð til Marokkó eins og til annarra landa en það þarf að gilda í 6 mánuði frá komu til Marokkó. Ef ekki er hægt að sýna við innritun á flugvelli fullgilt og löglegt vegabréf hafa starfsmenn á Keflavíkurflugvelli ekki heimild til að leyfa viðkomandi farþega að ferðast og er ekki um neinar undanþágur frá því að ræða. Ekki er hægt að fá framlengingu á vegabréfi úti á flugvelli í Keflavík. Gott ráð er að athuga í tíma hvort vegabréf þitt sé enn í gildi **og einnig er gott að ferðast með ljósrit af vegabréfi þínu. Þann 24. nóvember 2015 breyttust reglur um vegabréf og eru framlengd vegabréf ekki lengur talin gild ferðaskilríki. Farþegar bera algjörlega einir ábyrgð á því að vegabréf sé gilt og sé viðkomandi meinað að ferðast vegna ófullnægjandi skilríkja fæst ferðin ekki endurgreidd af hendi ferðaskrifstofunnar.** Farþegar með erlent vegabréf þurfa sjálfir að kanna hvort þeir þurfa vegabréfsáritun inn í landið.

Gjaldmiðill og kreditkort

Gjaldmiðillinn á Marokkó er Dirham. Dirham fæst ekki á Íslandi en best er að taka með evrur og fá þeim skipt, en einnig eru hraðbankar mjög víða í borgum og gjarnan inni á hótelnunum. Einn Dirham eru tæplega 13 ISK samkvæmt skráningu í febrúar 2020 (gengið er stöðugt). Öll helstu

kreditkort er hægt að nota í stærri verslunum og hraðbönkum í borginni, en nauðsynlegt er að vita PIN-númer viðkomandi korts. Ef kort tapast, hringið í neyðarnúmer kortafyrirtækjanna og látið loka kortinu: VISA (00354) 525-2000 eða 525-2200. MASTERCARD (00354) 533-1400.

Sími, rafmagn, tölvur

Í Marokkó er rafmagnið 220 volt eins og hér á Íslandi. Þegar hringt er úr íslenskum síma frá Marokkó og í íslenskt númer skal setja inn 00354 á undan símanúmerinu. Ef hringja skal úr íslenskum síma í marokkóskt númer skal setja inn 00212 á undan númerinu (sleppa 0 fyrir farsímanúmer, sem byrja á 6 eða 7). Þá er vert að taka fram að þó að hótelið sem dvalið er á, bjóði aðgang að ókeypis wi-fi, þá getur internetsambandið á stundum verið höktandi og ekki á það að treysta að fullu. ATH! það getur verið mjög dýrt að hringja úr íslenskum farsímum í Marokkó og einnig ef farið er á internetið þar sem notað er íslenskt gagnamagn. Best er að hafa slökkt á gagnamagninu og kynna sér verðskrá og tilboð símafyrirtækisins.

Drykkjarvatn

Í Marokkó er almennt gott vatn, en við ráðleggjum farþegum þó að kaupa drykkjarvatn á flöskum (verður í boði í rútunni). Í miklum hita er ekki gott að drekka ískalt vatn, betra er fyrir magann að fá vatnið í volgara lagi. Burstá má tennur úr kranavatni (það er yfirleitt klórbragð af vatninu og ekki bragðgott að drekka, en einmitt vegna þess óhætt að nota það og... drekka).

Veðurfar

Meðalhiti í Marokkó í byrjun október er um 25-30 gráður. Yfirleitt er veðrið þurr en skyndiúrfelli kemur fyrir og er þá eins og hellt sé úr fötu.

Verslanir

Marokkó er hvað þekktast fyrir sína stór markaði, „souk“, og er það einstök upplifun að versla þar, þar viðgengst skemmtilega hefðin um að prúttu. Tilgangurinn er ekki endilega að pressa verðið niður eins mikið og hægt er, heldur að ná að mynda tengsl á milli kaupanda og seljanda, oft yfir myntute. Kaupin teljast hafa heppnast ef bæði kaupandinn og seljandinn eru sátt. Í soukinu er hægt að kaupa allt milli himins og jarðar, allt frá kertaluktum og fatnaði, upp í krydd, ávexti, grænmeti og kjöt og fisk. Og þó maður versli ekki neitt, er upplifun að koma í þessa vögg menningar þeirra Marokkóbúa. Bjór og vín fást einungis í stórmörkuðum eins og Marjane eða Carrefour en lestir, veitingastaðir og barir á hótelnunum selja vín og bjór en það er ekki algilt. Kaffihúsin í borgum eru yfirleitt opin frá 06:00-23:00 og tilvalið að setjast niður og gæða sér á góðu kaffi eða hinu frábæra myntutei sem þeir eru svo þekktir fyrir.

Best að kaupa í...

Erfoud: steingervingar, keramik, leirvörur, döðlur

Ouarzazate og nágrenni: rósavatn, teppi, tagine, teppi...

Marrakech: allt mögulegt, en í dýrara kantinum, krydd og jurtir (í sérstökum Herboristeries)

Essaouira: handverk úr thuya, silfur skartgripir, tónlist (flestar sjóræningjaeintök!), smá hluti, argan olía

Samgöngur

Auðvelt er að nálgast leigubíla, en þeir eru auðþekktir, í mismunandi litum eftir borgum og merktir „Taxi“. Þeir kallast „petit-taxi“ eða litli leigubíllinn sem taka 3 farþega og þið skiljið hvers vegna þegar þið sjáið þá ☺. Þeir eru með gjaldmæli og má veifa þeim út á götu eða fá hótelin til þess að hringja á þá. „Grand taxi“ eða stóri leigubíllinn, tekur fleiri og fara á milli borga, bíða yfirleitt eftir að vera fullir til þess. Innanbæjar taka þeir fleiri farþega (4-5 eftir stærð) og nota einnig gjaldmæli.

Þjófnefni

Almennt er þjónustugjald ekki innifalið á veitingastöðum og tíðkast því að gefa um 10% þjófnefni. Oftast er einnig gefið þjófnefni á hárgreiðslustofum, snyrtistofum, til leigubílstjóra, burðarmanna og annarra sem ykkur finnst veita góða þjónustu. Fararstjórar taka að sér að greiða þjófnefni þegar hópurn er saman (burðarmenn, þjónar, ...) en ekkert bannar að gefa aukalega ef einhver hefur verið sérstaklega hjálpsamur.

Læknar og apótek

Látið fararstjóra vita ef leita þarf aðstoðar læknis. Heilbrigðisþjónustan er almennt góð, apótekarar gera meira en heima til að aðstoða við minniháttar mein (hálsbólga, magakveisur, sár,...) og eru mjög víða.

Íslenskur ræðismaður

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Utanríkisráðuneytis Íslands er kjörræðisskrifstofa (Honorary Consulate) í Casablanca (Umdæmi: Allt landið nema The Tangier-Tetouan og Eastern (Oriental) regions). Skrifstofan er á 50-52 rue Louizia, CIL, 20200 Casablanca. Sími: (522) 950 955/68, fax: (522) 393 661, netfang: consulateslande@menara.ma. Kjörræðismaður (Honorary Consul): Driss Benomar (2003).

Þjófnaður

Líkt og annars staðar í heiminum er gott að vera á varðbergi og aldrei skilja töskur, handtöskur og veski eftir á glámbekk. Öruggt er að skilja töskur í rútunni (ferðatöskur og handtöskur) þar sem bílstjórinn læsir henni og er alltaf í námunda við hana. Hafið tafarlaust samband við fararstjóra ef þið lendið í þjófnaði, hann mun aðstoða við gerð lögregluskýrslu.

Heilsa og magaveiki

Nokkrir gætu orðið fyrir því að fá í magann og vilja gjarnan kenna matnum um. Í fæstum tilfellum er um matareitrun að ræða, heldur er um breytt loftslag, breyttar svefnvenjur eða breytt mataræði að ræða, einnig ef notaður er mikill klaki í drykki. Ef þið kennið ykkur meins, hafið þá samband við fararstjóra sem hefur góð ráð í farteskinu – og víðtæka reynslu í þeim efnum.

Veikindi

Hjá Sjúkratryggingar Íslands er hægt að sækja um skjal til að hafa með sér til að hafa ef þarf að fara til læknis.

<https://rg.sjukra.is/Account/Login.aspx>

Töskur

Mikilvægt er að merkja töskur vel. Gott er að merkja líka að innan ef töskumiði týnist.

Yfirlit yfir helstu viðkomustaði ferðarinnar

